

Innköllun – ofnæmisvaldar ekki taldir upp

Múlakaffi hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað „Hjónabakki Nýmeti“ þar sem tveir ofnæmis- og óþolsvaldar, egg og sinnep, voru ekki taldir upp í innihaldslýsingu. Um er að ræða bakka með strikamerkið 5694310450157 sem voru með síðasta neysludag 17. Janúar og 23. janúar og seldir í verslunum Krónunnar um allt land og einnig í Melabúðinni, síðasta neysludag 23.janúar.

Viðskiptavinum, sem hafa keypt bakkana og eru með ofnæmi fyrir eggjum og/eða sinnepi, er bent á að neyta ekki vörunnar heldur skila henni á viðkomandi sölustað. Þeim sem ekki hafa framangreint ofnæmi, er óhætt að neyta matarins.

Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Guðríður á netfanginu gudridur@mulakaffi.is eða í síma 553-7737